

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Snæfellsbæ.

*Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ölkeldu.*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 8. febrúar 2024 nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Ölkeldu. Um er að ræða deiliskipulag vegna stækkunar frístundabyggðar í landi Ölkeldu. Svæðið er innan frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi eftir óverulega breytingu. Gert er ráð fyrir að á umræddum reit verði sjö nýjar lóðir skipulagðar þannig að þar verði í heildina níu frístundalóðir. Nýjar lóðir verði að lágmarki 3.000 fm og verði húsin lágreist og að hámarki 140 fermetrar að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 1. júlí 2024.*

**Hildigunnur Haraldsdóttir**, arkitekt faí, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 15. júlí 2024